



Minnisblað - Reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar

Tillaga til bæjarstjórnar um samþykkt reglna endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar. Reglurnar voru unnar í kjölfar fyrirspurnar forstöðumanns um verklag vegna máls af þessum toga.

Engar reglur eru til hjá sveitarfélaginu um samræmt verklag vegna tilvika sem kom upp þar sem tjón verður á heilsu eða munum barna í skipulögðu starfi hjá sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn og forstöðumenn að skýrar reglur séu til um hvað sé bætt og hvernig ferlið er. Markmið með reglunum er að gagnsæis sé gætt varðandi greiðsluskyldu, samræming mála aukist og svo og málsmeðferðarhraði.

Horf var til reglna annarra sveitarfélaga við undirbúning reglnanna, sérstaklega þó Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að kostnaður vegna líkamstjóns sé almennt greiddur án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar eða aðgæsluleysis starfsmanna eða búnaðar húsnæðis í eigu Ísafjarðarbæjar. Hér er um að ræða kostnað vegna komu á slysideild, kostnað af tannviðgerðum o.fl. Fellur tjón af þessu tagi undir tryggingaskilmála sveitarfélagsins vegna slysatrygginga skólabarna.

Undantekning á almennri greiðsluskyldu vegna tjóns er ef um er að ræða tjón á stoðtækjum og öðrum eignum, s.s. fatnaði, gleraugum, heyrnartækjum, hjólum og sínum, enda verður Ísafjarðarbær ekki ábyrgur fyrir þessum búnaði. Auk þessa verður búnaður í eigu þriðja aðila ekki tryggður hjá tryggingafélagi. Lagt er þó til að tjón verði bætt af sveitarfélaginu ef tjónið verður rakið til mistaka, stórfellds gáleysis eða sakar starfsmanna Ísafjarðarbæjar eða vegna vanbúnaðar húsnæðis eða eigna sveitarfélagsins þar sem skipulagt starf fer fram.

Í reglunum segir að gæta skal þess að skrá skal öll tilvik tjóns í málaskrárkerfi sveitarfélagsins, og í vissum tilvikum skal jafnframt tilkynna tilvik til yfirvalda, s.s. lögreglu.

Reglur þessar voru yfirfarnar af bæjarstjóra, sviðsstjórum og mannauðsstjóra.